

Ósk um leiðbeinandi ráðgjöf

Til : postur@personuvernd.is
Frá : Ásmundur R Richardsson - persónuverndarfulltrúi
Heiti : Ósk um leiðbeinandi ráðgjöf
Málsnúmer : 25011623
Málsaðili : Persónuvernd
Skráð dags : 14.10.2024 00:00:00
Höfundur : Ásmundur R Richardsson - persónuverndarfulltrúi

Góðan dag,

undirritaður persónuverndarfulltrúi Kópavogsbæjar óska hér með eftir leiðbeinandi ráðgjöf Persónuverndar í samræmi við gr. 39.1.e, í persónuverndarreglugerð nr. 679 frá 2016 (pvrgr.), í tengslum við aðstæður í stjórnsýslu Kópavogsbæjar sem hamla persónuverndarfulltrúa í að rækja skyldur sínar skv. 39. gr. pvrgr. og kemur í veg fyrir að ábyrgðaraðilar sinni skyldum sínum skv. 38. gr. pvrgr..

Þessar aðstæður snerta stuðning æðstu stjórnenda Kópavogsbæjar (bæjarstjóra og sviðsstjóra) og æðsta stjórnunarstigs bæjarins (kjörna fulltrúa) við persónuverndarfulltrúa og samskipti á milli aðila. Fyrirkomulag þeirra samskipta hafa haft þá afleiðdu virkni að gr. 38 í pvrgr., er ekki virt og úrræði og heimildir ekki gerðar aðgengilegar starfsminni þrátt fyrir rökstuddar árlegar óskir þar um, sem aftur hefur hamlandi áhrif á getu persónuverndarfulltrúa til að sinna að fullu skyldum skv. gr. 39 í pvrgr..

Hjá sveitarfélaginu Kópavogsbæ starfa tæpleg 3.000 starfsmenn á fimm aðskildum sviðum (2 stoðsvið, 3 fagsvið) í um 120 deildum, en íbúar Kópavogsbæjar eru um 40.000 talsins sem allir eiga rétt á að vera í samskiptum við persónuverndarfulltrúa um málefni tengd vinnslu bæjarins á persónuupplýsingum þeirra.

Hjá Kópavogsbæ er persónuverndarfulltrúi hinsvegar skilgreindur sem sérfræðingur á Stjórnsýslusviði undir stjórn sviðsstjóra Stjórnsýslusviðs, en þessum skilningi hefur persónuverndarfulltrúi ítrekað andmælt og leiðrétt með tilvísun í lög.

Grein 38.3 í pvrgr. er skýr hvað þetta samband varðar ;“ ... Persónuverndarfulltrúi skal heyra beint undir æðsta stjórnunarstig hjá ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila.“

Málaflokkur persónuverndar hjá Kópavogsbæ er og hefur verið frá upphafi rekinn sem hluti Stjórnsýslusviðs án sérstakra fjárheimilda og erindum persónuverndarfulltrúa, rekstrar- og kostnaðaráætlunum, óskum um aukið fjármagn og heimild til ráðninga ekki svarað né brugðist við með nokkru móti.

Kynning æðstu stjórnenda til starfsmanna um persónuverndarfulltrúa aðeins í formi einnar tilkynningar á Workplace síðu um ráðningu persónuverndarfulltrúa í ágúst 2018 sem mögulega hefur náð til um 10% starfsmanna.

Í „[Leiðbeiningar um persónuverndarfulltrúa](#)“ á vef Persónuverndar á bls. 7 er farið yfir skyldur ábyrgðaraðila sem birtast í gr. 38 í pvrgr..

Persónuverndarfulltrúi hefur ítrekað kynnt þessar leiðbeiningar fyrir æðstu stjórnendum án sýnilegs árangurs.

Þetta fyrirkomulag, að meina persónuverndarfulltrúa bein samskipti við æðsta stjórnunarstig sveitarfélagsins, á grundvelli skipurits, og styðja hann ekki í lögbundnum verkefnum hans, hefur verulega skert getu persónuverndarfulltrúa til að sinna þeim verkefnum sem lög setja honum í gr. 39 í pvrgr. og eftirlitshlutverki hans þannig hamið að fullu.

Auk þess hefur þetta fyrirkomulag heft möguleika æðsta stjórnunarstigs á uppfærðum og hlutlausum upplýsingum og um leið hamlað getu til viðbragða við ríkjandi aðstæðum á hverjum tíma eða uppbyggingar málaflokks persónuverndar.

Bæjarstjórn hefur þannig ekki enn fengið að axla ábyrgð á persónuvernd hjá Kópavogsbæ.

Hætta tengd vinnslu persónuupplýsinga er þannig aukin vegna þessa ástands, hjá Kópavogsbæ í dag. Líkur á öryggisbresti eru að sama skapi auknar enda fræðsluumhverfi erfitt og virk vitundarvakning starfsmanna um persónuvernd bundin upplýsingum persónuverndarfulltrúa á Workplace hópum og stöku námskeiðum sem aðeins lítið brot starfsmanna sér eða hefur aðgang að.

Þessum lögbundnu skyldum ábyrgðaraðila hefur þannig ekki verið sinnt með neinu móti og persónuverndarfulltrúa ekki gefinn kostur á að koma upplýsingum til æðsta stjórnunarstigs sveitarfélagsins frá gildistöku laganna í júlí 2018. Samskipti við æðstu stjórnendur eru lítil sem engin og enginn við æðsta stjórnunarstig sveitarfélagsins, en það er í hreinni andstöðu við kröfur laganna eða leiðbeiningar Persónuverndar og stofnana Evrópusambandsins þar um eins og persónuverndarfulltrúi skilur þær.

Sú tenging er og hefur verið óvirk frá gildistöku laganna með þeim afleiðingum sem slíkt rof þýðir á störf og starfsaðstæður æðsta stjórnunarstigs Kópavogs og persónuverndarfulltrúa.

Persónuverndarfulltrúi hefur endurtekið miðlað til æðstu stjórnenda með formlegum og óformlegum hætti, ábendingum um hvað betur mætti fara í starfseminni, túlkun í leiðbeiningum á hlutverkum þeirra og persónuverndarfulltrúa, sem er skv. lögum, leiðbeinandi eftirlitsaðili með starfseminni hvað persónuvernd varðar en án árangurs. Slíkum ábendingum er yfirleitt ekki svarað með neinu móti og engar skýringar gefnar ef unnið er áfram þvert á ráðgjöf persónuverndarfulltrúa.

Nú er svo komið að ekki verður lengur við óbreytt ástand unað. Hætta er á, ef ekkert breytist í tengslum við úrræði til starfseminnar fljótlega, að sú vinna sem unnin hefur verið glattist og/eða úreldist án endurnýjunar.

Undirritaður mun láta af störfum á árinu 2025. Það er því mikilvægt fyrir sveitarfélagið Kópavog að æðsta stjórnunarstig sveitarfélagsins ásamt og með æðstu stjórnendum þess fái leiðsögn um samstarfsgrunn aðila í samræmi við kröfur Persónuverndarlaganna.

Bestu kveðjur,

Ásmundur R Richardsson (gsm 8922500)

Persónuverndarfulltrúi | Almenn skrifstofa

Stjórnsýslusvið | asmundur.r.richardsson@kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 4410000